

## GJALDSKRÁ

### fyrir sorphirðu í Mosfellsbæ.

#### 1. gr.

Bæjarstjórn Mosfellsbæjar er heimilt að leggja á sorphirðugjald til að standa undir kostnaði bæjarins af sorphirðu og sorpeyðingu.

#### 2. gr.

Sorphirðugjald skal lagt á allar íbúðir sem virtar eru fasteignamati. Einnig skal sorphirðugjald lagt á aukaíbúðir í húsum sem virtar eru fasteignamati sem óskiptar eignir. Sorphirðugjaldi er ætlað að standa undir kostnaði við sorphirðu, sorpeyðingu og urðun sorps. Gjald dagar sorphirðugjalds eru hinir sömu og gjalddagar fasteignagjalda.

#### 3. gr.

Sorphirðugjald vegna íbúðarhúsnæðis kr. 21.500 er innheimt árlega með fasteignagjöldum, af íbúðum í bænum. Innifalið í því gjaldi er eitt grátt sorphirðugjald fyrir óflokkað sorp auk blárrar endurvinnslustunnu fyrir pappír sem og sorphreinsun og sorpeyðing vegna þess.

Fyrir hvert aukasorphirðugjald heimila er á sama hátt innheimt árlega, og fyrirfram, gjald eftir því sem hér segir:

	kr.
1. fyrir 240 l gráa tunnu	21.500
2. fyrir 240 l bláa tunnu	21.500
3. fyrir 660 l gám	55.000

Heimili sem óska eftir aukasorphirðugjaldi skulu beina ósk þar að lútandi til þjónustustöðvar (áhaldaúss) bæjarins að Völuteigi 15.

#### 4. gr.

Gjaldskrá þessi er samþykkt af bæjarstjórn Mosfellsbæjar með vísan til 5. mgr. 25. gr. laga um hollustuhætti og mengunarvarnir, nr. 7/1998 með síðari breytingum.

Við birtingu gjaldskrárinnar fellur úr gildi gjaldskrá um sama efni nr. 433/2011.

*Mosfellsbæ, 21. desember 2011.*

**Stefán Ó. Jónsson**, framkvæmdastjóri stjórnsýslusviðs.